



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2008.

Efni: Frumvarp til innheimtulaga (324. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem iagt er til að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu.

Að mati Viðskiptaráðs er markmið frumvarpsins góðra gjalda vert, en eins og ávallt verður að gæta þess að löggjafinn sníði atvinnulífinu ekki svo þröngan stakk að markmið frumvarpsins snúist í andhverfu sína. Við vanskil skulda verður til ýmis kostnaður og hingað til hefur verið byggt á þeirri meginreglu að skuldari beri raunkostnað vegna slíkra vanskila. Frumvarpið ber með sér að þessari meginreglu eigi að breyta og er þá hætt við að kostnaður sem hlýst við innheimtu falli á aðra aðila, sem að öllum líkindum yrðu neytendur.

Við frumvarp þetta hefur Viðskiptaráð nokkrar athugasemdir. Fyrir það fyrsta er kveðið á um í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins 10 daga lágmarks frest á innheimtuviaðvörun frá sendingu. Í niðurlagi 3. mgr. segir enn fremur að nægilegt sé að koma greiðslu í ábyrgðarpóst fyrir lok frestsins. Samanlagður greiðslufrestur skuldara skv. framangreindu er því um 12 dagar. Í ljósi auðvelds aðgengis að bankaþjónustu á internetinu sem og í ljósi hagsmuna allra hlutaðeigandi aðila að innheimtufurlið sé skilvirkt (og þ.a.l. ódýrara) telur ráðið frest þennan of langan. Að mati ráðsins ætti 1. mgr. 7. gr. að kveða á um 5 daga greiðslufrest.

Í annan stað er kveðið á um í d. lið 7. gr. að upphafsdagur dráttavaxta sé gefinn upp í innheimtuviaðvörun. Þetta getur reynst flókið og kostnaðarsamt í framkvæmd, þá sér í lagi ef um er að ræða lengri viðskiptasambönd eða endurteknar úttektir. Hvað þetta varðar telur ráðið að sú sundurgreining er finna má í c. lið ákvæðisins tryggji réttarstöðu skuldara og leggur ráðið því til að d. liður verði felldur úr frumvarpinu.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í greinargerð með 8. gr. frumvarpsins að innheimtuaðili geti samið um greiðslu kröfu og jafnvel gefið hana alfarið eftir. Hér gengur greinargerðin lengra en almennt hefur verið talið gilda um lögmannsumboð. Ekki er fjallað nánar um þörf fyrir þessa breytingu í greinargerðinni, en þar sem um er að ræða frávík frá almennum reglum ætti að kveða á um þetta í lagatextanum sjálfum.

Í fjórða lagi er áskilnaður í niðurlagi 8. gr. um skriflega samninga til þess fallinn að hafa í för með sér aukinn kostnað og vandkvæði fyrir skuldara. Samningur um greiðslufyrirkomulag og

greiðslufresti eru að stærstum hluta afgreiddir munnlega í gegnum síma. Að mati Viðskiptaráðs er ekki ástæða til að víkja frá þeirri meginreglu samningaréttar að samningar þurfi ekki að vera formbundnir til að hafa réttaráhrif. Ekki er að finna í greinargerð frumvarpsins rök fyrir slíku fráviki. Því leggur ráðið til að þessi málsgrein verði felld niður eða sett verði fram regla í frumvarpinu um að skuldari geti krafist þess að slíkir samningar verði gerðir skriflega.

Í fimmta lagi er að finna í 12. gr. frumvarpsins heimild til handa viðskiptaráðherra að ákveða með reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Að mati Viðskiptaráðs er engin ástæða til að setja þak á fjárhæð innheimtukostnaðar. Þetta þak setur markaðurinn sér sjálfur með virkri samkeppni. Kröfuhafar leita, eðli málsins samkvæmt, til þess innheimtuaðila sem getur boðið bestu þjónustuna með sem minnstum tilkostnaði fyrir kröfuhafa sem og skuldara. Þau fyrirtæki sem nýta sér þjónustu innheimtuaðila gera það einvörðungu af því að slíkir aðilar geta innt þau verkefni af hendi með minni kostnaði fyrir fyrirtækin heldur en ef þau gerðu það sjálf. Það liggur því í hlutarins eðli að hvorki kröfuhafar né innheimtuaðilar hafa hag af því að leggja óhóflegan og ónauðsynlegan kostnað á skuldara, enda væri slíkur kostnaður annars vegar til þess fallinn að kröfuhafar myndu í ríkari mæli sjá sér hag í því að annast innheimtu sjálfir og hins vegar er slíkur kostnaður til þess fallinn að draga úr líkum á greiðslum úr hendi skuldara. Sú aukning sem orðið hefur í útboðum meðal fyrirtækja og opinberra aðila á innheimtu er enn fremur til þess fallin að tryggja samkeppni á þessum markaði og þ.a.l. lægri kostnað bæði fyrir kröfuhafa sem og skuldara.

Í annan stað telur Viðskiptaráð að reglugerð af þessu tagi myndi leiða til algerar samræmingar á gjaldtöku og hámarkið þannig verða að lágmarki. Reglugerð af þessu tagi væri því beinlínis samkeppnishamlandi. Hvað þetta varðar ber að geta þess að Samkeppniseftirlitið hefur hafnað Lögmannafélagi Íslands að setja hliðstæðar reglur fyrir innheimtu lögmanna. Að lokum er rétt að benda á að skuldarar eiga ávallt það úrræði að bera innheimtukostnað undir dómstóla og láta þá skera úr um réttmæti hans.

Reglugerð af þessu tagi er alvarlegt inngrip í rekstur innheimtuaðila sem á sér engin fordæmi. Hún mun án efa leiða til þess að færri aðilar en ella munu sjá sér hag í því að koma inn á þennan markað og draga þar með úr virkri samkeppni. Því leggur ráðið til að 12. gr. laganna verði í heild sinni felld niður.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs